**Stjórnarfundur TSÍ 21. september 2026**

Mætt á skrifstofu UMFÍ kl. 12:00 voru Magnús, Kristín og Andri. Freyr og Mia boðuðu forföll. Raj kom sem landsliðsþjálfari og tók þátt í fyrstu þremur liðum fundar.

1. **Störf landsliða - almenn umræða og skýrslugjöf þjálfara.** Allt virðist ganga vel bæði hjá karla og kvennalandsliðinu. Daniel Pozo kominn með stig á heimslista u18 eftir sumarið og mikill áhugi er á æfingum liðanna. Verkefni 2027 er smáþjóðaleikar í Mónakó og mikill áhugi meðal leikmanna að komast í liðin fyrir þá keppni ásamt Davis Cup og Billie Jean King Cup.

2. **Siðareglur og val í nefnd til að skrifa þær reglur.** Magnús skýrði hvernig búa þyrfti til ferla innan TSÍ sem ríma við lög ÍSÍ. Þetta á bæði við reglur dómstig innan TSÍ. og Rætt hvaða aðilar væru heppilegir í þessa vinnu, mögulega einhverjir lögfræðingar innan tennisins á Íslandi. Raj á endanum falið að fara í þessa vinnu með dómaranefnd TSÍ.

3. **Samstarf við verkefnastjóra unglinga.** Mikilvægt að allir klúbbarnir séu virkir og hjálpi ef þess er þörf. AJ hóf störf 1. september og eru 2 verkefni framundan fram að jólum. TSÍ hefur samband við AJ og tekur stöðuna á hvenær fyrsta æfing verður og hvaða klúbbur verður til taks.

Raj vék af fundi

4. **Síðasta fundargerð til samþykktar.** Engar athugasemdir.

5. **Staða bókhalds og fjármála**. Lítur allt vel út og erum á góðum stað, bókhald er allt útprentað og svo er að fara færa bókhaldið inn. Eigum eftir að borga nokkra reikninga og allt á að vera í toppstandi.

6. **Önnur mál engin.**

Fundi slitið 13:00